



Óli Björn Kárason

Nú ættu allir að hafa áhyggjur

Forráðamenn og eigendur íslenskra fyrirtækja hafa ástæðu til að hafa áhyggjur, ekki síst sjálfstæðir atvinnurekendur. Launafólk getur heldur ekki leyft sér að vera áhyggjulaust, ekki frekar en eldri borgarar. Miðað við skoðanakannanir eru allar líkur á því að eftir næstu alþingiskosningar – sem boðaðar hafa verið í október næstkomandi – verði mynduð ríkisstjórn vinstri flokkanna. Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup í júní var samanlagt fylgi Vinstri grænna, Samfylkingar og Pírata rétt

líðlega 51%. Ríkisstjórnarflokkarnir voru með rúm 35%. Aðrar kannanir benda til að staða stjórnarflokka og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokksins, hafi versnað töluvert í júní.

Verði niðurstaða kosninga í takt við skoðanakannanir er ljóst að skipt verður um kúrs í mörgum málum og þá ekki síst þegar kemur að sköttum. Reynslan frá árum „norraenu velferðarstjórnarinnar“ 2009-2013 gefur til kynna hvert verður stefnt. Yfirlýsingar forráðamanna vinstri flokkanna á síðustu

misserum benda til að skattastefna frá tíma Vinstri grænna og Samfylkingar, verði tekin upp að nýju.

Í erindi sem Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, hélt á skattadegi Deloitte í janúar síðastliðnum, kom fram að 176 breytingar hafi verið gerðar á skattkerfinu á árunum 2008 til 2015 eða að meðaltali 22 breytingar á ári. Meginþorri breytinganna voru skattahækkunarir eða 132 á meðan 44 skattalækkunarir voru gerðar og þær voru flestar á árinu 2014, í tíð sitjandi ríkisstjórnar. Svo er einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja ætlað að fylgja sífellt breytilegum leikreglum.

Á stjórnarárum Sjálfstæðisflokksins 1991 til 2009, – fyrst með Alþýðuflokki, þá Framsóknarflokki og loks Samfylkingunni, voru gerðar róttækar breytingar á skattkerfinu, það einfaldað og gert gagnsærra. Tekjuskattur einstaklinga var í einu þrepi, tekin var upp 10% fjármagnstekjuskattur, tekjuskattur á fyrirtæki var lækkaður úr 50% í 18% (og tekjur ríkissjóðs jukust verulega). Tryggingagjald var sæmilega hóflegt eða 5,34%.

Skattkerfið var því tiltölulega einfalt þegar Samfylking og Vinstri grænir tóku við völdum í stjórnarráðinu í febrúar 2009. Sá er þetta ritar hefur haldið því fram að skattkerfið hafi hins vegar verið eyðilagt í tíð vinstri stjórnarinnar; skattar á fyrirtæki voru hækkaðir, skattar á launafólk einnig og innleiddur margþrepa tekjuskattur sem verst fór með millistéttina. Tryggingagjaldið var hækkað í 7% og loks í 8,65%. Eldra fólk varð sérstaklega fyrir barðinu þegar lagður var á auðlegðarskattur – eignaupptökuskattur – þar sem einstaklingar urðu að sæta því að greiða jafnvel hærri skatta en nam tekjum. Auðlegðarskatturinn lagðist einnig þungt á sjálfstæða atvinnurekendur sem margir neyddust til að ganga verulega á eigið fé eða stofna til skulda til að standa undir skattgreiðslum.

Breytt stefna

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks snéri við blaðinu í skattamálum. Mörg mikilvæg skref hafa verið stigin til að einfalda

skattkerfið að nýju, lækka skatta og fella niður. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur beitt sér fyrir því að almenn vörugjöld hafa verið felld niður sem og tollar á fatnað og skó. Þá hefur verið stefnt að því að allir aðrir tollar en þeir sem leggjast á tiltekin matvæli verði lagðir af 1. janúar næstkomandi. (Líklegt er að ríkisstjórn vinstri flokka muni leggja þessi áform á hilluna). Efta þrep virðisaukaskattsins var lækkað úr 25,5% í 24% og hefur aldrei verið lægra. Neðra þrepið var hækkað samhliða því sem skattstofninn var breikkaður. Með þessum aðgerðum hefur kaupmáttur heimilanna aukist og þá ekki síst barnafjölskyldna.

Á kjörtímabilinu hefur tryggingagjaldið einnig verið lækkað og lækkar enn frekar. Síðari hluta ársins verður það komið niður í 6,85%. Gjaldið – sem er ekki annað en skattur á laun og störf – er því 1,8%-stigum lægra en það var hæst í tíð vinstri stjórnarinnar en enn 1,51%-stigi hærra en það var 2008. Enn er því ástæða til að lækka gjaldið.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið ákveðin og skynsamleg skref til að einfalda tekjuskattkerfi einstaklinga og auka ráðstöfunartekjur launafólks með skattalækkunum. Skatthlutfall í neðsta þrepi hefur verið lækkað sem og í öðru þrepi en stefnt er að því að fella milliprepið niður í upphafi komandi árs. Afnáam milliprepsins skiptir alla launamenn miklu og þá ekki síst millistéttina. Þannig verður tekjuskattkerfið einfaldara í tveimur þrepum. Næsta eðlilega skrefið er að fella niður efra þrepið á almennar launatekjur og innleiða flatan tekjuskatt sem þó verður alltaf margþrepa vegna skattleysismarka og ýmissa tekjutengdra frádráttarliða.

Nær engar líkur eru hins vegar á að breytingar á tekjuskattkerfi einstaklinga verði að veruleika. Ríkisstjórn vinstri flokkanna mun ekki aðeins halda milliprepinu heldur eru líkur á því að innleitt verði nýtt hátekjuprep. Innan vinstri flokkanna eru hugmyndir um 60-70% skatt á það sem þeir kalla „ofurlaun“.

Með öðrum orðum: Miðað við skoðanakannanir er líklegt að vinstri ríkisstjórn komist til valda í október næstkomandi og

að allar hugmyndir um lækkun skatta verði afturkallaðar, gamlir skattar verða endurvaktir og aðrir hækkaðir.

Enginn þarf að fara í grafgötur með vilja vinstri manna til að endurvekja auðlegðarskattinn, hækka tekjuskatt fyrirtækja og einstaklinga, auðlindagjald á sjávarútveg, fjármagnstekjuskatt o.s.frv.

„Afsala sér tekjum“

Hugmyndafræði vinstri manna byggir á þeirri trú að ríkissjóður sé að „kasta frá sér tekjum“ með lækkun skatta og afnámi gjalda og tolla. Rauði þráðurinn í málflutningi þeirra er að ríkissjóður sé að „afsala sér tekjum“.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Katrín Jakobsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Oddný G. Harðardóttir, Helgi Hjörvar og Árni Páll Árnason eru meðal þeirra þingmanna sem líta svo á að ríkissjóður sé að „afsala sér tekjum“ með lækkun skatta og opinberra gjalda. Í september síðastliðnum hélt Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, því fram í þingræðu „að þessi ríkisstjórn hefur markvisst afsalað sér tekjum“.

Píratar munu ekki standa í vegi fyrir að skattastefna vinstri flokkanna verði innleidd að nýju. Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir það ekki vera stefnu Pírata að hækka skatta á þá launahærri í samfélaginu en það sé heldur ekki stefna flokksins að gera það ekki! Píratar hafa boðað stórkostlegar aukna skattheimtu en þeir vilja auka skatttekjur ríkisins um allt að 100 milljarða króna.

Jöfnuður niður á við

Ef lýsa á skattastefnu vinstri stjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, er best að leita í smiðju Ronalds Reagan, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna:

Ef það hreyfist skattleggðu það. Ef það heldur áfram að hreyfast, settu lög. Ef það stoppar, settu það á ríkisstyrk.

Sá er þetta skrifar hefur oftast en einu sinni dregið upp á mynd af vinstri mönnum að þeir hafi alltaf einfalda lausn á vandamálum

Margret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, benti á að vinstri menn vilji jafna kjörin niður á við – hægri menn vilji bæta kjör allra.

– allt frá rekstri ríkissjóðs til jöfnunar lífsskjara: Skattar skulu hækkaðir.

Margret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, benti á að vinstri menn vilji jafna kjörin niður á við - hægri menn vilji bæta kjör allra.

Því meiri samneysla (útgjöld ríkis og sveitarfélaga) sem hlutfall af landsframleiðslunni (þjóðarkökunni) því meiri velferð. Í velferðarríki vinstri manna skiptir stærð þjóðarkökunnar ekki mestu heldur hversu stóran hlut hið opinbera tekur af henni. Þannig er velferðin meiri þegar samneyslan er 50% af 1.500 milljarða þjóðarframleiðslu en ef ríki og sveitarfélög taka „aðeins“ til sín 40% af 2.000 milljörðum. Engu skiptir þótt útgjöld hins opinbera séu 50 milljörðum meiri (800 í stað 750) þegar kakan er stærri.

Það var með þennan mælikvarða að vopni sem formaður Vinstri grænna hefur gagnrýnt skattalækkanir ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Verst þykir skattaglöðum vinstri mönnum að í langtíma-áætlun skuli gengið út frá því að aukinn hluti hagvaxtar verði eftir í vösum einstaklinganna. Þannig verður hlutfallsleg stærð ríkissamneyslunnar af þjóðarkökunni minni þegar kakan stækkar en engu að síður verður kökusneið ríkisins stærri. Þetta er eitur í beinum vinstri manna og svo virðist sem þeir trúu því í einlægni að með því sé velferðarsamfélaginu ógnað.

Vinstri menn eru áhugasamari að stækka sneið hins opinbera af þjóðarkökunni en að baka stærri köku. Með sama hætti eru þeir uppteknir af því að auka jöfnuð í þjóðfélaginu en hafa minni áhyggjur af því að bæta almenn lífsskjör. Samfylkingar og vinstri grænir eru því hreyknir „árangri“ hinnar norrænu velferðarstjórnar sem jók jöfnuðinn, en lífsskjör allra versnuðu.

Í fyrirmyndarríki er betra að verkamaðurinn

hafi 250 þúsund krónur úr að spila á mánuði og forstjórinn eina milljón, en að sá fyrrnefndi hafi 350 þúsund og sá síðarnefndi 1.750 þúsund. Engu skiptir þótt báðir séu betur settir – líf skjör beggja séu betri. Í fyrirmyndarríkinu er launamunurinn fjórfaldur en ekki fimmfaldur. Jöfnuður niður á við er æskilegri en bætt líf skjör allra.

Gríðarleg aukning skatttekna

Í áðurnefndu erindi Ásdísar Kristjánsdóttur¹ á skattadegi Deloitte kom fram að tekjur ríkissjóðs hafa vaxið mikið á síðustu árum. En í stað þess að nýta svigrúmið til að vinda ofan af nýlegum skattahækkunum hefur auknum tekjum fremur verið varið í aukin útgjöld hins opinbera. Eftir stendur að tekjuauki vegna nýrra skatta sem lagðir hafa verið á fyrirtækin frá árinu 2008 nemur um 85 milljörðum króna.

Skatttekjur hins opinbera nálgast að vera svipaðar og þær voru hæstar fyrir hrun viðskiptabankanna. Ekki aðeins eru skatttekjurnar háar í sögulegu samhengi heldur einnig í alþjóðlegum samanburði. Skattbyrði er nánast hvergi meiri meðal þróaðra ríkja.

Aukin skattheimta hefur að meginþunga lagst á fyrirtæki og hefur skattbyrði þeirra aukist síðustu ár, að því er kom fram í máli Ásdísar. Skattbyrði fyrirtækja (að undan-

skildum þrotabúum) er verulega fyrir ofan meðaltal OECD ríkja. Umskiptin eru mikil en t.d. var skattbyrðin einna lægst á Íslandi árið 2003.

Skattstefnan á Íslandi frá hruni gengur þvert á stefnu margra annarra þjóða sem á undanförunum árum hafa lagt áherslu á að bæta samkeppnisumhverfi atvinnulífsins og fremur leitast við að lækka skatta en að hækka þá.

Hver borgar?

En hver borgar þessa skatta á endanum? Það er ekki endilega svo að einstaklingar greiði minna séu fyrirtækin látin greiða meira. Að lokum eru skattar ávallt bornir af einstaklingum þ.e. eigendum, launþegum eða viðskiptavinum og er spurning einungis hvernig þær byrðar dreifast.

Góð skattkerfi einkennast af einfaldleika, gagnsæi, skilvirkni og fyrirsjáanleika og þó stigin hafi verið skref í rétta átt hér á landi er mikil þörf á frekari umbótum á skattkerfinu. Fyrst og fremst þarf að vinda ofan af þeim miklu skattahækkunum sem ráðist var í eftir hrun en það verður ekki gert nema með umtalsvert meira aðhaldi á útgjaldahlíð. Minnka þarf flækjustig og ráðast í gagngerðar breytingar á toll- og neytluskattkerfinu, draga hækkun tryggingagjalds til baka og lækka jaðarskatta.


Þessar breytingar væru allar til þess fallnar að minnka kostnað við skattheimtu, auka samkeppni atvinnulífs og kaupmátt einstaklinga og lágmarka það tap sem skattkerfið óhjákvæmilega veldur íslensku þjóðarþúi.

¹ Í erindi sínu studdist Ásdís Kristjánsdóttir við grafíska framsetningu á tölulegum upplýsingum um skattkerfið. Hún veitti góðfúslegt leyfi til að birta og nýta upplýsingarnar.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað

Frá árinu 2008 hafa verið gerðar 176 breytingar á skattkerfinu, að meðaltali 22 skattkerfisbreytingar á ári. Meginþorri breytinganna hafa verið skattahækkanir eða 132 á meðan 44 skattalækkanir hafa átt sér stað frá árinu 2008, flestar á árinu 2014.

SKATTKERFISBREYTINGAR FRÁ 2008 – fjöldi breytinga




Er verið að festa skattahækkanir síðustu ára í sessi?

Skattahækkunarir vörðuðu leiðina að hallalausum rekstri Nú er svo komið að auknum tekjum hefur verið ráðstafað í aukin útgjöld.

Fyrirtækin standa í auknum mæli undir útgjöldum ríkisins


Hlutur fyrirtækja af heildar-
skatttekjum ríkisins hefur vaxið hratt
síðustu árin. Nú þegar ríkisútgjöld
eru farin að vaxa á ný má segja
að fyrirtækin beri útgjaldaauka
ríkisins og aukin umsvif við hærri
skattþrósentur geri ríkinu nú kleift
að stækka umfram það sem áður
bekkist.

HLUTDEILD SKATTTEKNA AF HEILDARTEKJUM RÍKISSJÓÐS



ÁRLEGUR TEKJUAUKI NÝRRA FYRIRTÆKJASKATTA

- ma. kr. m.v. fjárlagafrumvarp 2016



Árlegur tekjuauki vegna nýrra skatta á fyrirtæki nemur 85 ma.kr.


Væri sama skattprósentan lögð á fyrirtæki í dag og árið 2008 væri skattbyrði þeirra 85 milljörðum króna lægri. Er það svipuð fjárhæð og varið er til löggæslu- og menntamála. Tekjuaukanum hefur að öllu leyti verið ráðstafað í aukin útgjöld.

Skattur á fyrirtæki nánast hvergi hærri en á Íslandi

Skattar á fyrirtæki að frádregnu tryggingagjaldi eru nánast hvergi hærrí en á Íslandi. Meðaltal OECD ríkja liggur í kringum 3% af landsframleiðslu en á Íslandi greiða fyrirtæki ríflega 4% af landsframleiðslu til ríkisins í formi skatta.

FYRIRTÆJASKATTAR ÁN ÁHRIFA ÞROTABÚA OG LEIÐRÉTT FYRIR TRYGGINGAGJALDI


- sem hlutfall af landsframleiðslu 2014



Aðlögunin eftir 2008: Breytingin einna mest á Íslandi

Íslendingar hafa ekki alltaf verið methafar í skattlagningu á fyrirtæki en frá árinu 2003 fram til ársins 2014 höfðu skattar sem eingöngu leggjast á fyrirtæki þrefaldast í hlutfalli við landsframleiðslu. Þessi stefna var mörkuð á Íslandi á sama tíma og margar þjóðir lögðu aukna áherslu á að bæta samkeppnisumhverfi fyrirtækja og leituðust fremur við að lækka skatta en að hækka þá.


2003 OG 2014: SKATTAR Á FYRIRTÆKI LEIÐRÉTT FYRIR TRYGGINGAGJALDI OG ÞROTABÚUM – sem hlutfall af landsframleiðslu




Hver borgar?

Borga einstaklingar minna ef fyrirtækin borga meira?

ÁHRIF AUKINNAR SKATTHEIMTU Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI SKATTABREYTINGAR FRÁ HRUNI – skattur sem hlutfall af hagnaði fyrirtækja og tekjum einstaklinga




SÉRTÆKIR SKATTAR Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI (ma. kr.)



Dæmi: Sértækir skattar auka vaxtamun og draga úr samkeppnishæfni

Til lengri tíma munu auknar álögur koma fram í hærri vaxtamun og þjónustugjöldum sem viðskiptavinir bera. Sértækir skattar eru t.a.m. ígildi um fimmtungs af vaxtamuni bankanna í dag. Aukinheldur draga álögurnar úr samkeppnishæfni innlendra fjármálafyrirtækja og veikja þau í samkeppni við erlenda aðila sem í flestum tilvikum búa við starfskilyrði hagfelldari en hjá íslenskum fjármálastofnunum.

ÁHRIF SÉRTÆKRA SKATTA Á VAXTAMUN 2014



HLUTFALLSLEG SKIPTING HEILDARLÁNVEITINGA TIL FYRIRTÆKJA Í ÁRSLOK 2014



Óháð atvinnugreinum þá enda einstaklingar á því að borga

Skattar á fyrirtæki hafa hækkað og eru neikvæðu áhrifin margþætt;


- Neytandinn greiðir hærra verð.
- Dregur úr arðsemi fjárfesta og þ.a.l. fjárfestingum.
- Svigrúm til launahækkana starfsfólks minnkar og dregur úr nýráðningum.
- Samkeppnishæfni og framleiðni þjóðarbúsins versnar.
- Kostnaðurinn við skattheimtu er alltaf borinn af einstaklingum, þ.e. eigendum, launþegum eða viðskiptavinum og er spurningin einungis hvernig kostnaðurinn dreifist.

Einkenni góðra skattkerfa

- Einfalt skattkerfi lágmarkar kostnað vegna skattheimtu fyrir bæði yfirvöld og skattborgara
- Gagnsætt skattkerfi stuðlar að betri skilningi skattborgara og lækkar kostnað. Stuðlar jafnframt að aukinni eftirfylgni og dregur úr undanskotum.
- Skilvirkt skattkerfi lágmarkar neikvæð áhrif skatta á ákvarðanir um sparnað, fjárfestingu, neyslu og vinnuframlag.
- Fyrirsjáanlegt skattkerfi dregur úr óvissu og auðveldar áætlanagerð bæði fyrirtækja og einstaklinga.


Færri skattþrep á Íslandi en víða annars staðar

JAFDARSKATTUR EINSTAKLINGA FYRIR OG EFTIR BREYTINGAR



Heildin: OECD, fjárfestisráðgjafi

FJÖLDI SKATTÞREPA



Tollkerfið er hins vegar bæði flókið og ógagnsætt

SKIPTING TEKNA AF NEYSLUSKÖTTUM



Heildin: Óræðningar áhrifsgreidda, fjárfestisráðgjafi, Tollþjón og skattkerfið 2014

Hátt flækjustig en takmarkaðar tekjur

Heildartekjur af tollum eru einungis 4% af heildartekjum neysluskatta. Tollum fylgir hins vegar hátt flækjustig og kostnaðarsamt utanumhald.



Tollskráin er með 97 kafla og um 8.600 tollnúmer...
... þar af voru um 6.000 tollnúmer með engan toll en...
... frá janúar 2016 eru þau um 6.350 talsins.
Eftir 2017 verða u.þ.b. 7.700 tollnúmer með engan toll.
Áfram verður hins vegar of hátt flækjustig á matvörum.

Óskilvirkt skattkerfi: Hátt tryggingagjald eykur kostnað og hamlar fjölgun starfa


Hækkun tryggingagjalds var eðlileg afleiðing hrunsins og aukins atvinnuleysis. Nú hefur atvinnuleysi hins vegar að miklu leyti gengið niður en tryggingagjaldið ekki að sama skapi. Engin áform um frekari lækkun eru í sjónmáli og virðist tryggingagjaldinu því ekki aðeins ætlað að standa undir fjöldslu atvinnuleysisbóta heldur einnig í vaxandi mæli að fjármagna samneyslu ríkisins.

Flókið kerfi neysluskatta:

Ísland skorar ekki hátt

MAT OECD Á SKILVIRKNI VSK SKATTKERFA

- hlutfall af fræðilegu hámarki, því hærri tala því meiri er skilvirknin




Fyrir breytingar



Eftir breytingar



SAMBAND TRYGGINGAGJALDS OG ATVINNULEYSIS




Tryggingagjaldið leggst beint á launagreiðslur fyrirtækja og eykur kostnað við hvern starfsmann.

Hátt tryggingagjald hamlar því fjölgun starfa og er ekki síst íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki.

Óskilvirkt skattkerfi: Jaðarskattar hafa hækkað á alla hópa

Miklir jaðarskattar draga úr hvata einstaklinga til að auka tekjur sínar og geta því haft neikvæð áhrif á vinnuframlag.

JAÐARSKATTAR EINSTAKRA HÓPA



Skattaskjólið Ísland

Það er ekki sama í hvaða atvinnugrein Jón og Gunna eru, því það eru ekki allir jafnir fyrir skattayfirvöldum.

Það þarf ekki að kafa djúpt til að finna tvískinnung í umræðunni um fjárfestingar nokkurra Íslendinga í gegnum lágskattasvæði. Sama fólk og hneykslaðist yfir því að einhverjir hafi reynt að lágmarka skattgreiðslur sínar með lögmætum hætti fagnaði áformum um að hækka endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Það er nefnilega ekki sama í hvaða atvinnugrein Jón og Gunna eru, því það eru ekki allir jafnir fyrir skattayfirvöldum. Eða kannski er réttara að segja John og Jane, því Ísland er lágskattaríki fyrir erlend stórfyrirtæki. Álfyrirtækin borga lægri skatta hér en önnur fyrirtæki og gengið er skrefinu lengra gagnvart kvikmyndaframleiðendum því þeir fá kostnað sinn endurgreiddan.

Á sama tíma og landið er skattaskjól fyrir þessi fyrirtæki þá er það skattaberangur

fyrir sjávarútveg og ferðaþjónustu. Sérstakt auðlindagjald er lagt á sjávarútveginn. Á tyllidögum er sagt að það sé endurgjald fyrir afnot af auðlindinni, þótt það sé óútskýrt af hverju ríkissjóður telur sig eiga auðlindina eða hvað hann lagði af mörkum til að skapa hana.

Þegar vinstrimenn eru spurðir hvernig þeir ætli að fjármagna útgjöldin sem þeir lofa fyrir kosningar þá nefna þeir gjarnan að hækka mætti auðlindagjaldið. Það sýnir glögglega að það er þá ekki endurgjald, heldur bara enn einn skatturinn. Nú er það þjóðaríþrótt sumra Íslendinga að láta sér detta í huga nýjar og frumlegar leiðir til að skattleggja ferðaþjónustuna.

Flestar eiga þær það sameiginlegt að vera líklegar til að draga úr eftirspurn sem þýðir færri störf og minni skatttekjur. Rökin fyrir skattafslætti gagnvart sumum



Davíð Þorláksson

greinum eru að hann skili sér í störfum, hagvexti, gjaldeyris-tekjum og öðrum sköttum. Það er auðvitað alveg hárrétt. En af hverju dettur þá engum í huga að lækka skatta á öll fyrirtæki og gæta jafnræðis á milli starfsgreina þannig að allir greiði sömu lágu, flötu og einföldu skattana?

Davíð Þorláksson
lögfræðingur í Viðskipta-
blaðinu 23. júní 2016